



Reykjavík 3. desember 2024

Umsögn Námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands um mál nr. S-224/2024, drög að frumvarpi til laga um breytingu á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla, frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur kynnt til samráðs drög að frumvarpi sem veitir opinberum háskólum lagaheimild til að innheimta skólagjöld af nemendum utan EES svæðisins.

Námsbraut í fornleifafræði hefur fjallað um frumvarpsdrögin og leggst eindregið gegn þeim. Verði skólagjöld tekin upp fyrir nemendur utan EES mun það hafa neikvæð áhrif á aðsókn í framhaldsnám í fornleifafræði og veikja stöðu íslenskrar fornleifafræði almennt.

Eins og staðið er að háskólamenntun á Íslandi þá er hún ekki samkeppnisfær við önnur lönd. Það er talsýn sem kemur fram í kynningu á málinu að innleiðing skólagjalda geti „leitt til þess að íslenskir háskólar verði eftirsóknarverðari kostur fyrir efnilega nemendur þar sem aukin samkeppnishæfni háskólanna í alþjóðlegum samanburði sem og bætt fjármögnun gerir þeim kleift að auka gæði og umfang námsins.“

Vanfjármögnun háskólanáms á Íslandi er slík (t.d. í samanburði við meðaltal í OECD löndum) að það er útilokað að það geti keppt við nágrannalönd okkar um nemendur sem geta borgað fyrir eigið nám, hvað þá góða nemendur.

Málið er kynnt sem sparnaðaraðgerð og vangaveltur í greinargerð um að það muni leiða til umbóta byggja ekki á þekkingu eða hlutlægu mati því hvaða áhrif þessi breyting myndi hafa.

Eina afleiðingin af því að innleiða skólagjöld fyrir nemendur utan EES er að aðsókn í nám mun dragast saman. Fullyrt er í greinargerð að á Norðurlöndum, þar sem samskonar breytingar hafa verið gerðar, hafi aðsókn aukist aftur eftir að hafa fyrst dregist saman, en augljóst er að ekki er komin marktæk reynsla á það t.d. í Noregi eða Finnlandi þar sem skammt er um liðið, og í Danmörku var sett upp styrkjakerfi sem dregur að nemendur.

Ef frumvarpið verður samþykkt er ljóst að það mun hafa mikil áhrif á aðsókn í meistaranám í sögulegri fornleifafræði en 11 af 15 erlendum nemendum sem hafa verið skráðir í námið frá því það hófst 2022 hafa verið nemendur utan EES. Stærsti hópur erlendra nemenda í náminu hefur komið frá Bandaríkjunum. Þar fyrir utan er stór hluti nemendahóps í meistaranámskeiðum í fornleifafræði nemendur úr Viking and Medieval Norse Studies og Medieval Icelandic Studies, sem mjög margir koma utan EES. Það er því ljóst er að þessi ráðstöfun myndi eingöngu leiða til fækkunar nemenda, sem myndi leiða af sér minni tekjur fyrir námsbrautarina eins og fjármögnun deilda er háttáð í háskólakerfinu. Enginn sparnaður hlytist af slíkri breytingu fyrir litla einingu eins og fornleifafræðina þar sem fastakostnaður er sá sami hvort sem 15 eða 20 nemendur eru skráðir í námið, en miklu munar í þreyttum einingum um hvern nemanda sem ekki kemur til náms.



Fyrir utan bein áhrif á rekstur námsbrautar í fornleifafræði og á möguleika hennar á að laða til sín sterkustu nemendurna á þessu sviði myndi slík breyting einnig hafa neikvæð almenn áhrif til langs tíma á stöðu íslenskrar fornleifafræði. Fræðigreinin hefur verið í miklum vexti hér á landi undanfarin 30 ár og hefur sá vöxtur byggst að stórum hluta á öflugu alþjóðlegu samstarfi, ekki síst við Bandaríkin, Kanada og Bretland, sem m.a. hefur skilað sér í mjög miklu beinu og óbeinu fjárframlagi frá háskólum og vísindasjóðum í þessum löndum – fyrir utan hinn ótvíræðan vísindalegan ávinning. Allar takmarkanir á aðgengi á námi munu hafa neikvæð og letjandi áhrif á slíkt samstarf sem mun veikja stöðu og samkeppnishæfni íslenskrar fornleifafræði.

Fyrir utan að hugmyndin sjálf er ekki góð virðist málið illa unnið og í greinargerð koma fram þversagnir eins og þessi um áhrif þess á doktorsnám: „Í ljósi umsagna var ákveðið að fella undanþágu doktorsnema frá gjaldtökuheimild úr frumvarpsdrögum, til að skoða það betur. Vilji er til að doktorsnemar með styrk verði undanþegnir skólagjöldum, og fjármagnaðir af fjármögnunarlíkani.“

Annarsvegar hefur undanþágan verið tekin út en hins vegar er lýst yfir vilja til að halda henni inni þrátt fyrir að hún hafi verið tekin út.

Námsbraut í fornleifafræði hvetur eindregið til þess að þetta mál fái ekki frekari framgang. Í því felast engar umbætur en mikil afturför.

Virðingarfyllt

Orri Vésteinsson  
Prófessor í fornleifafræði, námsbrautarformaður